

Félags og menningarmálanefnd

9. fundur

Haldinn 27. ágúst 2012 kl. 16.00

Mættir: Dagbjört, Anna Dóra, Erna, Jóhanna, Kristján og Guðrún María

1. Félagsstarf eldri Mývetninga

Svar hefur ekki borist við bréfi frá sveitarstjóra Skútustaðahrepps til framkvæmdastjórnar Heilbrigðisstofnunar Þingeyinga (HÞ), vegna beiðni um aukið samstarf við félagsstarf eldri Mývetninga. Dagbjört tók að sér að fá þessi svör hið allra fyrsta.

Vetrarstarf eldri Mývetninga verður í húsnæði grunnskólans í vetur en nefndin er sammála um að halda áfram að skoða hugmyndir að annarri staðsetningu fyrir starfið.

Ákveðið var að auglýsa eftir starfsmönnum eftir fundi með Sólveigu skólastjóra og niðurstöðu um samstarf við HÞ.

Nefndin er sammála um að nauðsynlegt sé að gera starfið meira spennandi og fjölbreyttara og kynna nýtt fyrirkomulag á starfinu fyrir öllum eldri Mývetningum.

Áherslur nefndarinnar eru: Meiri hreyfing, Fræðsla / sögustundir, Samvinna og heimsóknir til annarra eldri borgara í nágrenninu.

2. Málefni Íþróttamiðstöðvarinnar

Nefndin er sammála um að húsnæðið þarfnast breytinga og upplyftingar. Spyr nefndin

- Hvaða möguleika hefur húsnæðið?
- Hverja fáum við til að skoða það?
- Hver er kostnaðurinn?
- Fyrir hverja á húsið að vera opið og þá hvenær?

Nefndin styður að íþróttaiðkun barna verði styrkt og verði sem mest þeim að kostnaðarlausu, en eðlilegt sé að fullorðið fólk borgi fyrir sig.

Umræða varð um viðveru starfsmanna og umsjónamanns Íþróttamiðstöðvarinnar og hvort þeir gætu ekki verið meira í beinu starfi með skólabörnunum í húsinu.

SUNDLAUGIN

Ekki er komið svar við undanþágu hvað varðar fjölda starfsmanna á vakt við sundlaugina.

Hæfnispróf starfsmanna er skylda og ekki er vitað hvort starfsmenn hafi farið í þetta próf. Þetta á að vera á ábyrgð umsjónarmanns. Guðrún María ætlar að skoða það mál.

Umræða varð um afslætti ákveðinna hópa í Íþróttamiðstöðina og var það samdóma álit nefndar að alla afslætti ætti að fella niður. Tilboð og annað væri svo í höndum umsjónarmanns og gilda fyrir alla. Sækja má um sérstaka fyrirgreiðslu fyrir einstaklinga ef svo ber undir.

Rætt var um styrk til Mývetnings og kom fram að þörf væri á endurskoðun á samningnum. Nefndin ætlar að halda áfram með þessa umræðu.

Tvö önnur mál voru á dagskrá en fundi var frestað og þau mál flutt til næsta fundar

Fundi slitið kl 17.40

RITARI

Erna Þórarinsdóttir